

lðnaðarráðuneyti
Helga Barðadóttir
Lindargötu Arnarhvoli
150 Reykjavík

Reykjavík, 21. febrúar 2011
UST20110200043

Efni: Umsögn um drög að orkustefnu fyrir Ísland

Eins og fram kemur í inngangi er þetta fyrsta sinn sem heildstæð orkustefna fyrir Ísland er sett fram. Í plagginu er fjallað um fjóra meginþætti, þ.e. orkuöryggi, umhverfisáhrif orkuframleiðslu og notkunar, skipulag á orkumarkaði og nýtingu orkuauðlinda til samfélagslegs ábata.

Umhverfisstofnun telur þetta gott skref en bendir á að útkoman er háð hvaða leiðir verða valdar og hvernig þær verða framkvæmdar. Stofnunin telur mjög mikilvægt að útfærsla á leiðum taki fullt tillit til allra meginþáttanna sem taldir eru upp hér að framan og sé unnin á opin og upplýstan hátt.

Umhverfisstofnun telur að það að mæta orkuþörf almennings og atvinnulífs til lengri og skemmri tíma með öruggum hætti hafi óbein áhrif á umhverfisþætti en ekki er gert ráð fyrir því sbr. töflu á bls. 9. Hluti þess að tryggja öryggi er m.a. að byggja upp öryggisnet, t.d. auka flutningsleiðir eða breyta þeim allt eftir því sem aðstæður kalla á. Einnig má nefna í þessu sambandi að það er talið stuðla að orkuöryggi að vinnsla jarðvarma, einkum til húshitunar byggi á jafnstöðuvinnslu og að fjölbreytni í orkugjöfum, þar með talið lífdísel, sé til þess fallið að auka öryggi. Umhverfisstofnun telur því fulla þörf á að þessi tengsl orkuöryggis við umhverfisáhrif séu ljós.

Umsögn stofnunarinnar snýr einkum að 6. kafla um virðingu fyrir náttúrunni en ljóst er að heildaráhrif á umhverfið er samspil allra fjögurra megin þáttanna sem stefnan fjallar um eins og áður er nefnt. Umhverfisstofnun leggur því áherslu á nauðsyn þess að vel sé gætt að því hver verða áhrif á umhverfið við framkvæmd stefnunar heild. Stofnunin leggur líka áherslu á, að óháð hvaða leið verði farin varðandi vinnslu orkunnar sbr. kafla 7 sé með skýrum skilmálum tryggt eins og kostur góð umgengni um auðlindina.

Umhverfisstofnun tekur undir það að nauðsynlegt sé að meta umhverfiskostnað virkjana eins og hann er skilgreindur í drögum og nauðsynlegt að gera leiðbeiningar þar um sem fyrst. Stofnun er líka sammála því að forgangsröðun virkjana verði raðað samkvæmt aðferðafræði rammaáætlunar, en bendir á að gæta verður að því að þó að heildareinkun verndargildis reynist tiltölulega lág fyrir ákveðið svæði geta einstök atriði innan þess haft mjög hátt verndargildi og því verði að taka tillit til þess bæði við forgangsröðun og ekki síður þegar umhverfiskostnaður er metinn. Í þessu sambandi vill stofnunin benda á mikilvægi þess að vega og meta þurfi alla kosti landnýtingar.

Í kafla 6.4 er rætt um vatnatilskipun ESB og þar segir þá er búið að leggja fram lagafrumvarp til uppfyllingar á skyldum Íslands því tengdu. Markmið frumvarpsins er að kveða á um verndun vatns, hindra að vatnsgæði rýrni og bæta ástand, þar sem þess gerist þörf, vistkerfa vatna og votlendis og vistgerða sem beint eru háð vatni. Með þessu er að tryggja sjálfbæra nýtingu vatns sem byggist á heildstæðri langtímavernd vatnsauðlindarinnar og endurspeglar þetta mikilvægi vatnsauðlindarinnar og nauðsyn þess að vel sé gengið um hana. Umhverfisstofnun leggur mikla áherslu á að vinnsla og nýting vatnsauðlindarinnar hvort sem um er að ræða yfirborðsvatn, grunnvatn eða jarðhita taki fullt tillit til ákvæða um verndun og sjálfbærni sem fram koma í áður nefndu lagafrumvarpi.

Umhverfisstofnun tekur einnig undir það sem fram kemur í kafla 6.5 um rekstur virkjana að meta þurfi áhrifin heildstætt og að vöktun og eftirlit með vatna- og vistkerfum á rekstartíma hvort sem um er að ræða vatnsaflsvirkjanir eða jarðvarmavirkjanir sé skipuleg og viðvarandi. Einnig tekur stofnunin undir að nauðsynlegt sé að gera viðbragðsáætlanir með viðeigandi mótvægisáðgerðum og eigi þær að taka bæði til mengunar og annarra umhverfisáhrifa svo sem ágengri vinnslu jarðvarma.

Virðingarfyllt

Helgi Jensson